

# Viðauki við ákvörðun PFS nr. xx/2017

## Fyrirmæli um breytingar

Póst- og fjarskiptastofnun mælir fyrir um eftirfarandi breytingar á uppfærðum drögum Mílu að viðmiðunartilboði félagsins fyrir bitastraum, sem bárust PFS þann 12. október 2016:

### 1. Kafli 6 í meginmáli viðmiðunartilboðsins skal orðast svo:

*„Míla ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins, hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna, enda megi ekki rekja umrætt sambandsleysi, fjarskiptarof eða aðrar truflanir til ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu af hálfu Mílu.“*

### 2. Kafli 10 í meginmáli viðmiðunartilboðsins skal orðast svo:

*„Mílu er heimilt að krefjast fullnægjandi trygginga vegna nauðsynlegra fjárfestinga í því skyni að koma til móts við sérstakar óskir þjónustukaupa um bitastraumsaðgang. Þetta á aðeins við í undantekningartilvikum og þá aðeins um fjárfestingar sem ekki mynda stofn til mánaðargjalda og stofngjalda fyrir aðgang að bitaströmi.“*

### 3. Kafli 11 í meginmáli viðmiðunartilboðsins skal orðast svo:

*„Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum verða ekki framseld eða fengin öðrum í hendur án skriflegs samþykkis gagnaðila.“*

*Þó er aðilum heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til annarra fyrirtækja í fyrirtækjasamsteypu sem þeir eiga að öllu leyti, svo fremi að viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis sem lýsi því yfir skriflega að það taki á sig allar skyldur framseljenda samkvæmt samningnum.“*

### 4. 3. mgr. kafla 5.5 í viðauka 7 skal hljóða svo:

*„Aðeins eru greiddar bætur til þjónustukaupa sem hafa 5 eða fleiri pantanir/bilanir í hvorum flokki og svæði fyrir sig í viðkomandi mánuði.“*

Fyrir utan framangreindar breytingar, sem PFS lagði til á drögum Mílu að viðmiðunartilboðinu, skal Míla framkvæma þær breytingar á viðmiðunartilboðinu sem félagið hefur lagt til undir rekstri málsins. Umræddar breytingar má finna í eftirfarandi köflum ákvörðunarinnar: 3.2, 3.4, 3.5, 3.21, 3.22, 3.25, 3.26, 3.31, 3.32, 3.33, 3.34, 3.35 og 3.44.